

8 daga skíða og skoðunarferð til Provence.



Eftir tólf ára búsetu í Provence höfum við ákveðið að efna til skíðaferða fyrir þá sem vilja skíða í blíðviðri alla daga og njóta þess að auki að sjá og upplifa annað og meira en skíðabrekkurnar.

Provence er eitthvert fallegasta hérað Frakklands og býður svo sannarlega uppá tækifæri til slíks. Hér er nánast alltaf sólskin og hiti um 15 stig yfir háveturinn svo auðvelt er að slaka á og sleikja sólina eins og á góðum íslenskum sumardegjum. Náttúran er alltaf græn og alla mánuði ársins blómstra einhver blóm.

Fyrsta ferðin er ráðgerð 7. janúar 2012 og svo hvern laugardag eftir það til loka febrúar.
MIÐAÐ ER VIÐ 6-8 MANNA HÓPA.

Dagskrá

Í kjölfar góðra ábendinga höfum við gert nokkrar breytingar á dagskrá skíðaferðanna til þess að gera ferðatilhögun þægilegri og minnka akstur. Við höfum tekið frá frá góðan „Chalet“ (fjallaskála) í þorpinu Allos í 4 daga með möguleika á 2 dögum til viðbótar fyrir þá sem ekki geta slitið sig frá skíðunum.

Laugardagur:

Flug með Icelandair til Kaupmannahafnar. Hádegisverður á Kastrup flugvelli og síðan flogið Air France til Marseille kl.16.30. Koma til Marseille kl. 18.55 Ekið til Esparron de Verdon. Koma í Brekkukot um kl 20.15. Kvöldverður.

Sunnudagur:

Morgunverður kl 7.30
Brottför til Allos kl 8.30 og reiknað með að allir verði komnir á skíði vel fyrir hádegis.

Mánudagur, þriðjudagur og miðvikudagur:

Samfelldir skíðadagar.
Morgunmatur og kvöldverður framreiddur í Chalet

Valkostur 1:

Einn eða tveir viðbótardagar á skíðum

Valkostur 2:

Haldið heim í Esparron. Meðal annars gefst kostur á að heimsækja Aix eða Nice og Grasse ásamt ST Paul de Vence en þar er eitt merkasta listasafn í heimi. Einnig er skemmtilegt að fara í Moustiers St. Marie þorpi ásamt því að skoða Gorges de Verdon gljúfrin, eða skreppa til Aix eða bara röltu um næsta nágrenni, fá sér heilsubótargöngutúra við vatnið og njóta veðurblíðunnar í góðri slökun.

Laugardagur:

Morgunverður kl 8.30 og síðan farið á markað í Riez. Léttur hádegisverður í Brekkukoti kl 11 og ekið til flugvallar í Marseille. Ef valið er flug um Kaupmannahöfn er brottför frá Marseille kl 13.25 með Air France og koma til Kaupmannahafnar kl 15.55. Innritun á Saga Hotel. Ódýrt, vandað og vel staðsett hótél með góðum morgunverði. Ath að flug og hótél er ekki innifalið í verði en hótelið kostar um DK 250 pr. mann nóttin.

Sunnudagur:

Flogið heim með Icelandair kl 12.20 og lent í Keflavík kl 15.30.

Skíði í Provence - janúar og febrúar 2012

© Roger Mass

“ Í ölpunum í Provence eru frábær skíðasvæði, góður snjór og einstakt umhverfi. Það þarf ekki að fara langt úr fjöllunum til þess að komast í góðan hita, sól og græna náttúru og alla mánuði blómsta blóm ”

Dögg

Almennar upplýsingar

Flug:

Gert er ráð fyrir að gestir sjái sjálfir um sína farmiða til Marseille. Við höfum kannað flug til Marseille um Kaupmannahöfn og sjáum að það er mjög hagkvæmt og getum útvegað gistingu á Saga Hotel sem er ódýrt, vandað og vel staðsett. Nóttin kostar Dkr 250 pr. mann með morgunverði.

Innifalið í okkar verði:

Ferðir til og frá flugvelli ásamt ferðum til og frá skíðasvæðum ásamt leiðsögn um Provence og skíðasvæðin ef vill. Gisting í 2ja manna herbergjum með baði ásamt morgunmat. Kvöldverður ásamt fordrykk alla dagana. Öll fæða sem við búum til er lífrænt ræktuð í okkar sveit. Heildarkostnaður til okkar er 690€
Óafturkræft bókunargjald til Gestamóttökunnar er 15.000-

Ekki innifalið:

Hádegisverður
Skíðaleiga og skíðapassi, en 4ra daga passi kostar 93€ fyrir tímabilið.

Fólk getur að sjálfsögðu komið með sín skíði, en mörgum finnst þægilegra að leigja skíði og og spara um leið yfirvikt í fluginu. Hægt er að leigja skó og skíði fyrir um 20-40 € á dag. Skíðakennsla stendur að sjálfsögðu til boða í Allo, en einnig býðst ég til að leiðbeina fólki án endurgjalds ef um byrjendur eða börn er að ræða.

Hægt er að bóka og fá nánari upplýsingar hjá Ingu Sólnes í Gestamóttökunni

GESTAMÓTTAKAN
YOUR HOST IN ICELAND



Gestamóttakan ehf.

Kirkjutorg 6, IS-101 Reykjavík, Iceland
sími: 551 1730 / tel: +354 551 1730
GSM: 692 1730 / mobile: +354 692 1730
email: inga@yourhost.is
<http://www.yourhost.is> / www.gestamottakan.is

Alls 4 ferðir sú fyrsta 7.1 - 15.1 2012 (frá laugardegi til sunnudags)

VERÐ ER MIÐAÐ VIÐ 6-8 MANNA HÓP.

Með því að takmarka fjölda við 6 teljum við okkur geta þjónað fólki eins og við viljum, enda þótt við gætum hýst fleiri.

Dæmi um verð á flugi:

Flug með Icelandair ISK 43.710 (KEF-CPH-KEF), flug með Air France 160€ (CPH-MRS-CPH)

Sjá nánar um gistingu á www.festival.is

Hér má lesa um svæðið:
www.esparrondeverdon.com
www.valdallos.com

Nauðsynlegt er að bóka sem fyrst til að nýta lág flugfargjöld.

Hafið samband og kannið í hvaða ferðir eru laus pláss.

Gestir sjá um að bóka sínar ferðir og auðvitað er hægt að bóka til Parísar og þaðan til Marseille með Icelandair, en það kostar aðeins meira, en þá geta menn stoppað í París og notið borgarinnar ef vill.

Ármann Örn Ármannsson & Nathalie Roux Armannsson
Le Village, 04800 Esparron de Verdon, France
Sími / Tel: + 33 (0) 4 92 77 19 75
Mobile: +354 699 0886
armann@festival.is